

// Fundur Foreldrafélags Barnaskólans í Hafnarfirði, mánudaginn 1. mars, 2021 //

7. fundur Foreldrafélags barnaskólans í Hafnarfirði skólaárið 2020-2021

Mættir eru:

Karen Emilsdóttir, 5 ára börn

Sunna Magnúsdóttir, 6 ára stúlkur

Rakel Sófusdóttir, 7 ára drengir

Þórunn Sigurðardóttir 7 ára stúlkur

Ragnar Þór Reynisson 9 ára drengir

1. Foreldrasjóður
Foreldrafélaginu bærust tillögu frá starfsfólki skólans. Samþykkt að kaupa útieldunarpott og styrkja uppbrot á vegum skólans að upphæð 100.000 kr.
2. Fjáröflun
Umræður um hvort þörf sé á frekari fjáröflun vegna vorferðar. Þórunn óskar eftir því að fá nánari útlistun á kostnaði frá skólastýrum svo hægt sé að átta sig betur á stöðunni.
3. Vetrarfrí, hugmynd frá foreldraráði Hafnarfjarðar
Skólaráð fær til umsagnar hugmynd foreldraráðs Hafnarfjarðar um lengt vetrarfrí í grunnskólnum Hafnarfjarðar. Breytingin felst í því að hafa eitt lengra frí í stað tveggja yfir skólaárið. Umræður um ofangreint en málið á heima hjá skólaráði en ekki foreldrafélagi.
4. Fjar-fyrirlestur
Foreldrafélag BSK og foreldrafélag Hjalla stóðu fyrir sameiginlegu fræðslukvöldi um svefn barna sem gekk mjög vel. Gjaldkeri hefur gengið frá greiðslu.
5. Skipulagsdagur
Vegna covid var skipulagsdagur fyrir jól felldur niður, lagt til að skipulagsdagur verði 19. mars eða 9.apríl. Foreldrafélag telur 9. apríl vera heppilegri.
6. Fréttabréf
Stefnt að því að gera seinna fréttabréf ársins í byrjun maí.

Næsti fundur foreldrafélagsins verður með skólastýrum, 12.apríl 2021.